

3. fundur samstarfsnefndar Akrahrepps og Sveitarfélagsins Skagafjarðar Haldinn þann 30. september kl. 7.30 í gegnum fjarfundarkerfið Zoom.

Fundinn sátu:

- Álfhildur Leifsdóttir, frá Sveitarfélaginu Skagafirði
- Gísli Sigurðsson, frá Sveitarfélaginu Skagafirði
- Hrefna Jóhannesdóttir, frá Akrahreppi
- Ingibjörg Huld Þórðardóttir, frá Sveitarfélaginu Skagafirði
- Jóhanna Ey Harðardóttir, frá Sveitarfélaginu Skagafirði
- Ragnhildur Jónsdóttir, frá Akrahreppi
- Sigfús Ingi Sigfússon, frá Sveitarfélaginu Skagafirði
- Sigríður Sigurðardóttir, frá Akrahreppi
- Drífa Árnadóttir, frá Akrahreppi
- Róbert Ragnarsson, Freyja Sigurgeirsdóttir og Gunnar Úlfarsson frá RR ráðgjöf. Gunnar ritaði fundargerð.

Gestir á fundinum voru Steinunn Arnljótsdóttir (leikskólastjóri Birkimels), Hanna Dóra Björnsdóttir (skólastjóri Varmahlíðarskóla), Herdís Sæmundardóttir (sviðsstjóri fjölskyldusviðs) og Gréta Sjöfn Guðmundsdóttir (félagsmálastjóri og framkvæmdastjóri málefna fatlaðs fólks á Norðurlandi vestra).

Hrefna setti fundinn kl. 7:30.

1. Félags- og fræðsluþjónusta

Freyja kynnir yfirvofandi breytingar í félags- og fræðsluþjónustu vegna farsældarfrumvarpsins sem byggir á stigskiptri þjónustu til barna.

Herdís Sæmundardóttir tók við og kynnti fyrirkomulag samþætts þjónustusviðs í Sveitarfélaginu Skagafirði.

Freyja leiddi umræðu um félags- og fræðsluþjónustu í sameinuðu sveitarfélagi. Samstarfsnefnd ræddi sérstaklega um framtíðaráskoranir, framtíðarsýn, hvað ber að varast og hvað skal ekki missa ef til sameiningar kemur.

2. Næsti fundur samstarfsnefndar

Í næstu viku er fjármálaráðstefna sveitarfélaga og því komast ekki allir í samstarfsnefndinni á hefðbundnum tíma næsta fundar. Samstarfsnefndin stefnir að því að fundur næstu viku verði færður til mánudagsins 11. október.